

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd. Miðvikudaginn 14. maí 2008 kl. 19:30.

Mættir: Gústaf Jökull, Ingvar, Jóhanna, Ásta Sjöfn, Björg, Halldór, Eygló sem ritar fundargerð. Fulltrúa kennara vantaði.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Dagskrá:

1. Umsókn um skólavist fyrir nemanda frá Akureyri, skólaárið 2008-2009.
Samþykkt – með fyrirvara um samning bæði við bílstjóra og Akureyrarbæ vegna skólaaksturs fyrir árið 2009.
2. Umsókn um skólavist fyrir nemanda frá Reykjanesbæ, skólaárið 2008-2009.
Atvæði 1 samþykkir afgreiðslu kennarafundar, 1 hafnar afgreiðslu kennarafundar og 1 situr hjá.
3. Skólaakstur skólaárið 2008-2009.
Nefndin beinir því til hreppsnefndar að tryggja skólaakstur í Gufudal skólaárið 208-2009.
4. Önnur mál:
 - a. Fyrirspurn frá Ástu Sjöfn um hönnuði sem fengnir verða varðandi leikskólann.
Búið að tala við 2 hönnuði sem koma í maí til að taka út húsnæðið og koma með tillögur.
 - b. Fjárhagsáætlun leikskólans.
Fyrirspurn.
 - c. Kennslumagn, skóladagatal.
Jóhanna upplýsti um hugmynd að kennslumagni og skóladagatali og að auglýsa þurfi 1 kennarastöðu.
 - d. Umsóknir um starf í leikskóla.
3 umsóknir bárust, búið er að ráða í stöðuna.
 - e. Vígsla sparkvallar.
Eftir er að helluleggja kringum völlinn og setja upp ljós. Ekki er útséð með hvenær völlurinn verður endanlega tilbúinn. Lagt til að hreppsnefnd láti klára verkið fyrir 17. júní 2008.

f. Viðhald skólaeldhúss.

Eygló upplýsti að skólinn verði ekki leigður út fram til 14. júní vegna framkvæmda í ehldhúsi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Jóhanna Þorsteinsdóttir (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Björg Karlsdóttir (sign)

Halldór Sigurðsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)